

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Borg í Grímsnesi, verslunar-, þjónustu- og íbúðarlóðir við Miðtún.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til miðsvæðis (M1) innan þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megí ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðarbyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistihemili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Samþykkt í sveitarstjórn 19. apríl 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Stangarlækur 1 og 2.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Stangarlækjar 1 og 2. Breytingin tekur aðeins til Stangarlækjar 2 og í henni felst að byggingarreitur við íbúðarhús er stækkaður og færður u.þ.b. 7 m til norðvesturs. Skilmálar vegna byggingarheimilda á byggingarreit fyrir íbúðarhús breytast. Skilgreind er ný lóð norðan við íbúðarhús sem ber heitið Stangarlækur 2B. Samþykkt í sveitarstjórn 19. apríl 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Kerhraun, svæði A, B og C.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi er varðar skilmála deiliskipulagsins. Í breytingunni felst að stærð aukahúsa innan lóða verður gefin fjáls innan skilgreinds hámarksnýtingarhlutfalls lóða. Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Kringla II í Grímsnesi.

Um er að ræða breytingu á þremur lóðum á jörðinni Kringlu II, Vaðstíg 1, 3 og 5. Skilgreining lóðanna breytist úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Stærðir lóðanna eru óbreyttar en lega þeirra sem og byggingarreitir breytast vegna nákvæmari mælinga. Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsin geti verið allt að 350 fm og auk þess verði heimilt að reisa allt að 60 fm aukahús á lóð. Samþykkt í sveitarstjórn 22. apríl 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. maí 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.